



Skýrsla

starfshóps um endurskoðun á regluverki um Frístundakort

Október 2020



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starf stýrihópsins	4
Samráð	5
Opíð umsagnarferli	5
Könnun send til forráðamanna grunnskólabarna	6
Umræður	12
Markmið með endurskoðun regluverks	12
Staða á notkun frístundakortsins	12
Hugmyndir sem komu fram	14
Niðurstöður og tillögur	17
Tillögur að aðgerðum	17
Aðrar hugmyndir sem ræddar voru í hópnum	19
Viðaukar	20
Viðauki 1 Könnun til foreldra	20
Viðauki 2 Bréf sent til hagaðila	22
Viðauki 3 upphæð frístundastyrkja sveitarfélaga 2020	23

Inngangur

Þann 10. desember 2019 skipaði borgarstjóri starfshóp um endurskoðun á regluverki Frístundakortsins. Frístundakortið er styrkjakerfi Reykjavíkurborgar til þess að hvetja börn og ungmenni til þátttöku í íþróttum og annarri skipulagðri tómstundastarfsemi.

Markmið Frístundakortsins samkvæmt samþykkt borgarráðs


- Öll börn, 6-18 ára í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika íþróttta-, lista og tómstundastarfs.
- Með Frístundakortinu er leitast við að styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglinga.

Þær breytingar sem orðið hafa á reglum Frístundakortsins frá upphafi eru:

- 2009 – Börn sem vegna takmarkaðs framboðs geta ekki nýtt Frístundakort vegna fötlunar hafa heimild til að nýta kortið vegna dvalar í sumarbúðum fatlaðra.
- 2009 – Undanþága frá reglum um að fullorðinn þjálfari sé með börnum: 17 og 18 ára ungmennum leyft að nýta kortið á líkamsræktarstöðvum.
- 2009 – Heimilað að nýta frístundakort til að greiða fyrir dvöl á Frístundaheimilum
- 2017 – Breytt tímabil í stað fastra þriggja anna tímabila geta námskeið flotið milli tímabila
- 2017 – Börn sem verða 16 ára á árinu bætast við þann hóp sem nýtt getur Frístundakort á líkamsræktarstöðvar

Frístundakortið var sett á laggirnar haustið 2007 þá 12.500 kr og varð svo 25.000 kr árið 2008 og er í dag 50.000 á hvert barn í Reykjavík.

Fh. starfshópsins



Pawel Bartoszek, formaður

Starf starfshópsins

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að taka til sérstakrar athugunar reglur um notkun Frístundakortsins og skilyrði félaga til að geta notað Frístundakortið í námskeiðum sínum með það að markmiði að auka enn frekar nýtingu kortsins og tryggja enn fjölbreyttara framboð frístundastarfs.

Rætt var um ástæður upptöku með það fyrir augum að auka enn frekar nýtingu Frístundakorts án þess að það komi niður á forvarnargildi þess og finna leiðir til að auka fjölbreytni aðildarféлага.

Starfshópurinn skipa:

Pawel Bartoszek, formaður
Jórunn Pála Jónasdóttir
Dóra Magnúsdóttir

Með hópnum starfa tveir starfsmenn tilnefndir af sviðsstjóra ÍTR:

Jóhanna Garðarsdóttir
Sólveig Valgeirsdóttir

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu janúar til október 2020. Fundað var fjórum sinnum á tímabilinu 28. janúar til 4. mars. Eftir það voru haldnir fjarfundir. Alls voru haldnir 9 fundir. Vinna hópsins tafðist um nokkra mánuði vegna COVID-19.

Ákveðið var á fyrsta fundi að hafa víðtækt samráð við aðila bæði innan Reykjavíkurborgar og utan um hvað mætti fara betur og hvað er gott (iþróttafélög, einkaaðliar, velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og fleiri) með því að óska eftir umsögn. Í framhaldi af því var haldinn fundur með nokkrum hagaðilum þar sem skoðanir voru viðraðar.

Einnig var ákveðið að senda könnun á forráðamenn allra barna í 1.-10. bekk grunnskóla.

Helstu markmið/hlutverk samkvæmt erindisbréfi:

- Yfirferð á núverandi reglum
- Skoða nýtingu Frístundakorts miðað við núverandi reglur
- Samráð við hagaðila um breytingar á reglum
- Móta tillögur um breytingar

Samráð

Opið umsagnarferli

Kallað var eftir umsögnum hagaðila um reglur Frístundakortsins.

Haft var samband við núverandi aðila að Frístundakorti, frjáls félagasamtök, stjórnslu Reykjavíkur, skólasamfélagið, foreldrasamfélagið, ungmennaráð og pólitísk fagráð

Póstur var alls sendur á 295 aðila sjá viðauka 1 og bárust 17 svör. Í framhaldi voru þrír af umsagnaraðilum sem funduðu með hópnum til þess að koma sínum athugasemdum á framfæri.

Fulltrúi íþróttafélaga

- Ekki ætti að vera hægt að nota frístundastyrk til að greiða fyrir Frístundaheimili, það samræmist ekki markmiðum og ætti að vera hluti af skólakerfinu og fjármagn að koma annarsstaðar frá
- Samræmist ekki reglum að greiða móðurmálsnámskeið eða sálfræðikostnað
- Skoða að færa styrkinn neðar t.d. frá 3-4 ára aldri

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs

- Afar mikilvægt að hægt sé að nýta frístundastyrkinn á frístundaheimili
- Foreldrar/forráðamenn eru yfirleitt að nýta frístundastyrk að hluta á frístundaheimili
- Áhugavert að skoða hvort hægt væri að færa aldur neðar
- Ef nýting væri undir ákveðnu hlutfalli í vissu hverfi mætti skoða að það hverfi fengi mismuninn til að búa til einhverja starfsemi

Fulltrúi velferðarsviðs

- Fjármagna frístundaheimili að fullu án þess að frístundakort kæmi þar að
- Skoða með Menntamálaráðuneyti að fjármagna rekstur Móðurmálsskóla
- Vannýting, ef ákveðin hverfi væri með lága þátttöku kæmi fjármagn inn í hverfið með öðrum hætti
- Breyta reglum um aldursmörk – færa aldurinn niður

Hagaðilar voru spurðir hver væri þeirra skoðun um að stytta þátttökutíma úr 10 vikum.

Öllum fannst mikilvægt að horfa til forvarnargildis og mikilvægt að skoða rannsóknir. Bent var á að tímafjöldi einnig til tímafjölda en ekki bara bara vikufjöld.

Umsagnaraðilar höfðu mjög ólíkar skoðanir á því hvort nýta mætti frístundastyrkinn til niðurgreiðslu á frístundaheimilum.

Suzukipíanóskólinn taldi að opna ætti á notkun frístundakortsins til einkakennslu.

KFUM/KFUK nefndu að veita ætti undanþágu svo unnt væri að nota frístundastyrkinn í sumarbúðir.

Skema vildi að fólk gæti greitt með frístundakortinu fyrir áramót fyrir námskeið sem hefjast í upphafi næsta árs.

Margir nefndu möguleika á hækkun styrksins eða lækkun lágmarksaldur úr 6 árum í 4 eða 5 ár.

Könnun send til forráðamanna grunnskólabarna

Send var út könnun til foreldra/forráðamanna allra grunnskólabarna í Reykjavík alls 8762 heimili og bárust 3581 svör sem gerir um 40% svörun.

Niðurstöður

Í svörum forráðamanna kom fram að flestir þekktu vel tilvist kortsins eða 98% þeirra sem svöruðu. Það voru því aðrar ástæður fyrir því að börn þeirra nýttu sér ekki styrkinn, en 95% segjast nýta hann að fullu eða hluta.

Þegar þátttakendur eru spurðir um **framboð** frístundastarfs í sínu hverfi eru tæplega 75% sem svara því til að vera mjög eða frekar sáttir og er mest ánægja í Laugardal (104) og Grafarvogi (112) og minnst ánægja Grafarholti (113) og á Kjalarnesi (116)

Í heild eru 64% sáttir eða mjög sáttir með **aðstöðu** til frístundastarfs í sínu hverfi og þegar ánægja er skoðuð eftir hverfum sker Grafarvogurinn (112) sig úr en þar eru 84% mjög eða frekar sáttir. Hverfi sem koma þar á eftir eru Háaleitis- og Bústaðahvefi (103), Hlíðar (105) og Árbær (110) en þar eru tæplega 70% sem eru mjög eða frekar sáttir. Mest óánægja með aðstöðu er meðal svarenda í Úlfarsárdal (113) eða 40%, Kjalarnesi (116) 50% og Efra Breiðholti (111) 51%. Mikilvægt er að horfa til þessara hverfa þegar metin er þörf á uppbyggingu íþróttamannvirkja en nú er í gangi uppbygging í Úlfarsárdal sem gefur vonir um aukna ánægju íbúa þegar þeim framkvæmdum líkur.

Börn sem búa í Grafarvogi (112) eru líklegust til að stunda frístundir í sínu hverfi en þar er fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf og góð aðstaða. Algengast er að börn í Háleiti og Bústaðahverfi (103), Vesturbæ (107), Árbæ (110) og Úlfarsárdal (113) stundi frístundastarf utan síns hverfis.

Mikil fylgni er milli notkunar og því hve góð aðstaða er í hverfinu að mati forráðamanna. Gefur það tilefni til að skoða enn frekar framboð á Kjalarnesi auk Miðborgar, Efra Breiðholti og Úlfarsárdal en mikil uppbygging íþróttamannvirkja er í Úlfarsárdal sem gefur vonir um að ánægja muni aukast í því hverfi að uppbyggingu lokinni.


Skiptar skoðanir hagaðila eru á því hvort heimila eigi notkun frístundastyrks á frístundaheimili. Í niðurstöðum könnunar kemur fram að lítill hluti forráðamanna nýtir frístundakortið að fullu á frístundaheimili eða um 5% og 7% að hluta. Þegar spurt er um ástæðu þess að nýta kortið á frístundaheimili eru 44% sem svara því til að þeir séu að fullnýta styrkinn og 14% að barnið vilji ekki stunda annað frístundastarf. 16% svara því til að þau hafi annars ekki efni á að hafa börnin á frístundaheimili og 9% hafi ekki efni á að setja barnið í annað frístundastarf.

Þau atriði sem helst voru nefnd í könnunni var hækking styrks, möguleiki á að nota á líkamsræktarstöðvum fyrir yngri aldurshópa og notkun á styttri námskeiðum og á sumarnámskeiðum. Þá nefndu nokkrir möguleika á því að færa styrkinn á milli ára og færslu á milli systkina. Þá komu fram áhyggjur af því að aðilar frístundakortsins hækkuðu gjaldskrár sínar þegar upphæð kortsins hækkaði.


Það vekur athygli að þegar spurt er um nýtingu á frístundakortinu er svörunin yfir 90% í öllum hverfum sem er ekki í takt við rauntölur og því líklegt að þeir sem svara, eru þeir sem nýta styrkinn.

Forráðamenn voru spurðir annars vegar hvort þeir þekktu Frístundakortið og hins vegar hvort börn þeirra stunduðu frístundastarf.


Þekkir þú Frístundakortið?




Stundar barnið þitt frístundastarf



Hér sjáum við svörun um þátttöku barna eftir hverfum.




Hér sjáum við hlutfall þeirra barna sem stunda frístundastarf í sínu hverfi.




Forráðamenn voru spurðir hversu sáttir þeir eru með framboð frístundastarfs í sínu hverfi

Hversu sátt/ur ertu við framboð frístundastarfs í þínu hverfi




Þegar svör eru skoðuð niður á hverfi sésta að íbúar Laugardals, Vesturbæjar og Grafarvogs eru ánægðastir með framboð til íþróttaiðkunar í sínu hverfi.




Þá voru foreldrar spurðir um aðstöðu til frístundastarfs í sínu hverfi


Hversu sátt/ur ertu við þá aðstöðu sem er í boði fyrir frístundastaf í þínu hverfi




Hér sjáum við eftir hverfum hversu sáttir forráðamenn eru með aðstöð til frístundastarfs



Nýtir þú Frístundakortið til að greiða dvöl á frístundaheimili



Hverjar eru ástæður þess að þú nýtir Frístundakortið á frístundaheimili




Umræður

Markmið með endurskoðun regluverks

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að taka til sérstakrar athugunar reglur um notkun Frístundakortsins og skilyrði félaga til að geta notað Frístundakortið í námskeiðum sínum með það að markmiði að auka enn frekar nýtingu kortsins og tryggja enn fjölbreyttara framboð frístundastarfs.


Staða á notkun Frístundakortsins

Nýting frístundakorts hefur aukist ár frá ári eftir að kortið var tekið í notkun árið 2007. Árið 2019 nýttu 15.611 börn í Reykjavík Frístundakort að hluta til eða að öllu leyti. Heildarfjöldi 6-18 ára barna í Reykjavík á þessu tímabil var 19.338 þannig að 81% barna nýttu frístundakort að einhverju leyti. En fjárhagsleg nýting var 75%




Mynd 1. Þróun á úthlutun 2015-2019

Ráðstöfun er mismunandi eftir hverfum borgarinnar eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan en sjá má aukna nýtingu í öllum hverfum.



Mynd 2. Nýting eftir hverfum

Pátttaka barna er mest í 6-9 ára aldrushópnum og minnst í 16-18 ára aldrushópnum



Mynd 3. Ráðstöfun eftir aldri árið 2019

Hugmyndir sem komu fram

Útvíkkun á heimildum til einkakennslu. Aðilar sem halda úti einkakennslu í tónlist á heimilum hafa ekki verið samþykktir og kom það til umræðu í hópnum. Í því samhengi hefur verið nefnt að mikilvægt er að hægt sé að hafa eftirlit með starfsemi sem fram fer. Í ljósi langrar hefðar af einkakennslu í tónlistarnámi, og skorti á plássi í tónlistarskólum, er þó rétt að skoða málið áfram og opna á notkun á frístundakortinu til einkakennslu í tónlist þegar um viðurkennda starfsemi hjá félagasamtökum og skólum er að ræða eða með skilyrðum um menntun og kennslureynslu og aðstöðu. **Eðlilegt er að skoða málið áfram í samráði við hagaðila í tónlistarkennslu til að átta sig á umfanginu og leggja til mögulegar lausnir.**

Vikufjöldi úr 10 í 8/6. Töluvert var rætt um ýmsa valkosti vegna mögulegrar lágmarkslengdar fyrir námskeið sem styrkt eru. Rannsóknir sýna að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu frístundastafi samfellt í 10-12 vikur sé mikilvæg forvörn. Hagaðilar sem rætt var við bentu á að mikilvægt væri að horfa til rannsókna þegar ákvörðun er tekin. Einnig bentu aðrir hagaðilar á að það skipti líka máli fjöldi tíma í viku og forvarnargildið næðist ekki endilega með að hittast einu sinni í viku. Stytting námskeið mundi skapa meiri sveigjanleika en koma jafnframt til móts við þau félagslegu rök um að kortinu sé ætlað að styrkja reglulegt langtíma-frístundastarf með þeim jákvæðum áhrifum sem þátttaka í slíku starfi hefur. **Lagt er til að lækka vikufjölda námskeið úr 10 í 8 vikur.**

Sumarnámskeið að teknu tilliti til lágmarksfjölda tíma. Hugmyndir ræddar varðandi nýtingu á frístundakortinu til að greiða fyrir sumarnámskeið. Þá var tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins þess efnis vísað inn í vinnu hópsins. Flest námskeið á sumrin ná ekki þeim vikufjölda sem reglur kortsins kveða á um. **Sé upphæð frístundakortsins öll nýtt á dýr sumarnámskeið er hætta á að ekki sé til fjármagn á heimilum til að senda börn í skipulagt frístundastarf í lengri tíma yfir veturinn og markmiðum varðandi forvarnargildi kortsins ekki náð. Yrðu slíkar breytingar gerðar er talið nauðsynlegt að sett séu viðmið um tímafjölda, lágmarksvikufjölda og að sérstakt fjármagn komi til. Einnig mætti skoða hámarksupphæð sem mætti ráðstafa á sumarnámskeið. Kostnaður vegna viðbótarframlags vegna sumarnámskeiða gæti verið um 140 mkr. á hverju ári.**

Fjármögnun móðurmálskennslu. Eitt af þeim atriðum sem tekið var til skoðunar í þessari vinnu var niðurgreiðsla með frístundakorti á móðurmálskennslu. Séu foreldrar/forráðamenn að nýta kortið eingöngu þar og börnin ekki í öðru frístundastarfi er hætta á að þessi hópur einangrist og nái ekki þeirri félagslegu tengingu í hverfinu eða frístundastarfi sem markmið kortsins kveður á um. Hagsmunaaðilar sem rætt var við bentu einnig á að oft væri tímasetning móðurmálskólans að stangast á við æfinga- og keppnistíma hjá félögunum. **Lagt til að skoða leiðir til að fjármagna móðurmálskennslu með öðrum hætti t.d. að sveitafélögin / ríkið komi þar að.**

Vannýtingarsjóður. Frá hagaðilum kom sú hugmynd að koma á fót vannýtingarsjóði þannig að þeir fjármunir sem ekki nýtast geti nýst í hverfum eða hjá félögum með öðrum hætti. **Í hópnum komu fram þau sjónarmið að réttara þótti að leita frekari leiða til að fá þá hópa sem síður nýta kortið (íbúa í ákveðnum hverfum, eldri börn, íbúa af erlendum uppruna) til að nýta frístundakortið með beinum hætti. Einnig voru rædd sjónarmið um að taka ætti nýtingu á frístundakorti inn í mat á forgangs röðun nýrra íþróttamannvirkja.**

Börn af erlendum uppruna. Ná þarf betur til barna af erlendum uppruna. Í hverfum þar sem hátt hlutfall barna að erlendum uppruna býr hefur nýting ekki verið eins góð og í öðrum hverfum eins og í pósthúmeri 111. Mjög gott kynningarstarf hefur verið unnið af íþróttafélögum, skólum og þjónustumiðstöð til að reyna að auka þátttöku þeirra. **Halda þarf áfram með kynningarstarf og vera í góðu samstarfi við skólana þar sem maður á mann kynning gæti farið fram t.d. í foreldraviðtölum.**

Bundnar eru vonir við þriggja ára tilraunaverkefni sem unnið er að í Breiðholti til að auka þátttöku barna og unglinga í hverfinu og um leið að auka nýtingu frístundakortsins til jafns við önnur hverfi.

Framboð frístundastarfs í hverfum. Í einstaka hverfum er framboð og aðstaða takmörkuð og sýnir að það hefur áhrif á nýtingu kortsins. Dæmi um slík hverfi er til dæmis Kjalarnes en könnun sem send var forráðamönnum sýnir einnig að foreldrar telji framboð í Efra Breiðholti, Miðborg og Hlíðum, Úlfarsárdal og Grafarholti og Háaleiti og Bústöðum síðra en annars staðar. Vonir standa til að með því að endanlegri hverfaskiptingu og bættri uppbyggingu á svæðum sem Fram og Víkingur þjóna batni framboðið á þeim svæðum. **Mikilvægt er þó að skoða sérstaklega framboðið á Kjalarnesi, Miðborg og Efra-Breiðholti. Verður þar að skoða möguleika á aukinni samvinnu íþróttafélaga og uppbyggingu íþróttamannvirkja í þeim hverfum.**

Fræðsla og kynning á frístundakortinu til félaga og notenda. Halda þarf kynningu á frístundakortinu á lofti og skoða nýjar leiðir við að kynna kortið og leggja áherslu á þau hverfi sem nýtingin er minnst. **Niðurstöður viðhorfskönnunar forráðamanna benda þó til að flestir viti af frístundakortinu og ætti þungi aðgerðanna því frekar að liggja á að auka framboð og fjölbreytni þess frístundastarfs sem í boði er.**

Afnám kröfu um starfsemi í Reykjavík og tillaga um samræmingu reglna SSH. Upp kom hugmynd um að búa til samræmdan ramma um frístundastyrki á öllu höfuðborgarsvæðinu svo viðurkenning á frístundastarfi í einu sveitafélagi feli í sér viðurkenningu í þeim öllum. Þetta verði gert til að auðvelda starfsumhverfi aðila sem veita frístundapjónustu og auðvelda foreldrum val um frístund, óháð búsetu. Börn með lögheimili í Reykjavík geta í dag stundað sitt frístundastarf hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu að því gefnu að starfsemin uppfylli þær reglur og skilyrði sem sett eru eins og kemur fram í 4.gr 1. tölul. í reglum og skilyrðum frístundakortsins. **Taka þarf af öll tvímæli um það í reglum. Samræming á reglum þvert yfir höfuðborgarsvæðið væri eflaust til bóta en gæti reynst erfið og tímafrek í framkvæmd vegna ólíkra áherslna mismunandi sveitafélag.**

Úrræði vegna barna efnaminni foreldra. Rætt var um hvernig hægt væri að koma til móts við efnaminni forelda. Í dag eru úrræði fyrir foreldra/forráðamenn sem hægt er að sækja um hjá velferðasviði eftir að þeir hafa nýtt frístundakortið að fullu. **Tekjuviðmið er ekki nægjalega hátt til að nýtast mörgum efnaminni foreldrum/forráðamönnum. Skoða þarf að hækka tekjuviðmiðið. Einnig kom hugmynd um að hækka styrki til barnmargra fjölskyldna.**

Úrræði vegna foreldra sem eru ekki lögheimilisforeldrar. Bent var á að rétturinn til að ráðstafa frístunakortinu eða skoða notkun þess einskorðist við lögheimilisforeldri óháð lagalegri forsjá. Þetta er kerfislegt og hefur skapað vandamál víðar í þjóðfélaginu en verið er að leita leiða til að breyta þessu hjá stjórnvöldum. **Um áramótin 2020/2021 verður tekið í notkun nýtt frístundakortskerfi þar sem lögheimilisforeldri verður heimilt að veita öðrum aðila heimild til að ráðstafa og skoða notkun óháð forsjá. Þetta er skref í rétta átt en bíða verður eftir úrræði stjórnvalda varðandi rétt foreldra með sameiginlega forsjá.**

Líkamsræktarstöðvar. Í viðhorfskönnun til forráðamanna kom sú skoðun fram í nokkur skipti að eðlilegt væri að lækka aldursviðmið vegna líkamsræktarstöðvar t.d. niður í 15 ár. Þá komu líka fram þau sjónarmið að sumt ungt fólk fyndi sig ekki í hópastarfi en langaði engu að síður að geta stundað líkamsrækt. Í ljósi þess að niðurstöður sýna að notkun kortsins er töluvert lægri í elsta aldurshópnum er þess virði að skoða leiðir að auðvelda ungu fólki að stunda líkamsrækt á eigin forsendum, t.d. með opnum tímabilskorta á líkamsræktarstöðum frá árinu sem þau verða 15 ára en um leið sett skilyrði um að notendur fái tíma með þjálfara þar sem kennt er á tækin. **Lagt er til að haft verði samráð við þær líkamsræktarstöðvar sem eru aðilar að frístundakortinu um útfærslu.**

Systkinatilfærsla. Í viðhorfskönnun til forráðamanna komu fram skoðanir þess efnis að hægt væri að nýta kortið milli systkina. **Slík opnun myndi að mati hópsins, ekki samrýmast markmiðum styrksins enda er eðlilegra að leita leiða til að auka nýtingu hjá öllum börnum frekar en að færa fjármagnið annað. Sama gildir um hugmyndir þess efnis að unnt sé að færa frístundastyrk milli ára.**

Auðveldara að nota í námskeið sem eru snemma á ári ef skráning er á árinu á undan. Ef námskeið hefjast snemma á árinu er ekki hægt að nota frístundakortið til skrá sig í þau ef fjárveiting vegna frístundakorts næsta árs liggur ekki fyrir. **Eins komu fram hugmyndir um að hægt væri að færa vannýttar fjárhæðir milli ára. Eðlilegt er að skoða þessi mál með tilliti til hagræðis og notendauþplifunar foreldra en þó er ekki víst að þau vegi þungt þegar kemur að heildarnýtingu frístundakortsins.**

Afnám heimildar til að borga fyrir frístundaheimili. Mjög skiptar skoðanir eru um aðild frístundaheimila að frístundakortinu bæði í hópnum og hjá hagaðilum. Með notkun á kortinu eru forráðamenn að klára styrkinn og hafa ekki ekki ráð á að setja barnið í annað frístundastarf. Ekki er tryggt að allir foreldrar/forráðamenn mundu nýta styrkinn í annað frístundastarf ef ekki væri hægt að nýta á frístundaheimili. Ef frístundaheimili væru ekki aðilar að frístundakortinu væri sá möguleiki fyrir hendi að börn efnaminni foreldra sem ekki gætu greitt fyrir frístundaheimili væru eftirlitslaus ákveðin tíma dags eftir að skóla líkur. Margir eru að nota hluta af styrknum í frístundaheimili og hluta í annað starf. Með því að nota styrkinn á frístundaheimili veit fólk af honum og er hugsanlega líklegra til að nýta hann áfram þegar börn hafa ekki lengur aldur til að sækja frístundaheimili. **Þegar horft er til niðurstöðu könnunar er ekki ástæða til að leggja til breytingar á ráðstöfun frístundastyrks á frístundaheimili. Skoða þarf að hækka tekjuviðmið og styrki til barnmargra fjölskyldna. Kostnaður við gjaldfrjálst frístundaheimili er mikill og ekki lagt til að fella niður aðild þeirra að kortinu að svo stöddu.**

Niðurstöður og tillögur

Tillögur að aðgerðum

Fjármögnun móðurmálskennslu

Verulegur hluti frístundastyrkst barna með annað ríkisfang er notaður í að greiða fyrir móðurmálskennslu þeirra. Með niðurgreiðslu ríkis og/eða sveitafélga á móðurmálskennslu má losa um fjármagn sem nemendur geta þá nýtt í aðrar frístundir.

Kostnaður: 8-12 mkr.

Ábyrgð: SFS

Tími: 2021

Stytting lágmarkslengdar námskeiðs í átta vikur

Hópurinn skoðaði ýmsa valkosti vegna mögulegrar lágmarkslengdar fyrir námskeið sem styrkt eru. Rétt þótti að liðka til og stytta viðmiðunartímabilið úr 10 vikum í 8 til að skapa meiri sveigjanleika en koma jafnframt til móts við þau félagslegu rök um að kortinu sé ætlað að styrkja reglulegt langtíma-frístundastarf með þeim jákvæðum áhrifum sem þátttaka í slíku starfi hefur. Jafnframt verði áhrif þessarar breytingar á nýtingu kortsins metin.

Kostnaður: Ekki er þörf á auknum fjárheimildum.

Ábyrgð: ÍTR

Tími: 2020

Krafa um lögheimili þjónustuveitanda í Reykjavík

Rétt þykir að taka í burtu öll tvímæli um að ekki sé gerð krafa um að þjónusta sem veitt er í frístundastarfi sé eingöngu hjá aðilum með lögheimili í Reykjavík heldur geti börn með lögheimili í Reykjavík stundað sitt frístundastarf hjá aðilum utan borgarinnar standist þau öll skilyrði sem sett eru í reglu frístundakortsins.

Kostnaður: Ekki þörf á auknum fjárheimildum.

Ábyrgð: ÍTR

Tími: 2020

Úrræði vegna foreldra sem ekki eru lögheimilisforeldrar

Bent var á að rétturinn til að ráðstafa frístunakortinu eða skoða notkun þess einskorðist fyrir lögheimilisforeldri óháð lagalegri forsjá. Rétt þykir að leita leiða til að jafna þennan mun þannig að

lögheimilisforeldrar geti samþykkt að fela öðrum aðgang að frístundakortinu þannig að báðir forsjáforeldrar geta ráðstafað kortinu.

Kostnaður: Innan ramma.

Ábyrgð: PON

Tími: 2021

Líkamsræktarstöðvar

Fram hafa komið ítrekaðar óskir um að unnt verði að nýta frístundakort til að greiða fyrir tímabilakort á líkamsræktarstöðvum. Gegn þessu hafa komið fram þau sjónarmið að varasamt kunni að vera fyrir 13-16 ára börn að stunda líkamsrækt án eftirlits. Engu að síður eru slík kort í boði á nokkrum stöðum. Jafnframt má nefna um er að ræða þann aldurshóp sem jafnan dettur úr skipulögðu íþróttastarfi og því í sjálfu sér jákvætt ef unnt er að finna hreyfipörf þeirra og líkamsræktaráhuga annan farveg. Hópurinn telur rétt að skoða rýmkun á reglum til að heimila notkun frístundakorts í líkamsræktarstöðvum og sambærilegum stöðum með því að færa aldursmörkin niður í 15 ár, að teknu tilliti til lágmarksgildistíma tímabilakortanna. Jafnframt er lagt til að sett verði skilyrði um að notendur fái leiðsögn frá þjálfara um hvernig nota eigi tækin. Lagt er til að haft verði samráð við þær líkamsræktarstöðvar sem eru aðilar að frístundakortinu um útfærslu.

Kostnaður: Betri nýting frístundakorts gæti falið í sér aukin útgjöld.

Ábyrgð: ÍTR

Tími: 2020

Einkakennsla í tónlist

Opnað verði á þann möguleika að börn geti nýtt frístundakort vegna tónlistarnáms í skipulagðri einkakennslu þannig að öllum gæðakröfum sé fullnægt. Skilyrðin geti verið skilyrði um húsnæði ásamt áskilnaði um tengsl við skólahljómsveit eða tónlistarskóla eða að gerðar séu kröfum um menntun og starfsreynslu kennara.

Kostnaður: Ekki er þörf á auknum fjárheimildum.

Ábyrgð: ÍTR í samráði við SFS

Tími: 2021

Aðrar hugmyndir sem ræddar voru í hópnum

Frístund fyrir fimm ára

Kostnaður vegna hvers árgangs er um það bil 56 mkr. á hverju ári. Kostur gæti falist í því að venja börn við þátttöku í skipulögðu starfi fyrir. Á hinn bóginn telur hópurinn mikilvægt að aðgerðum sem stuðla að því að þeir hópar sem nýtt hafa kortið illa geri það frekar og leggur því ekki til lækkun aldursviðmiða að þessu sinni.

Kjalarnes

Ljóst er að framboð íþróttastarfs í hverfi hefur veruleg áhrif á nýtingu frístundakorts. Í tilraunaskyni væri hægt að gera úttekt á framboði íþróttastarfs á Kjalarnesi og leitað leiða til að auka nýtingu kortsins t.d. með auknu samstarfi við önnur íþróttafélög á svæðinu. Þá mætti skoða samgöngutengingar við Mosfellsbæ og nýta reynslu úr öðrum hverfum til að ná betur til barna með annað móðurmál en íslensku.

Sumarnámskeið

Fram hafa komið hugmyndir um að unnt verði að nota frístundakort til að greiða fyrir sumarnámskeið. Á móti eru uppi áhyggjur um að notkun kortsins í dýr sumarnámskeið geti orðið til þess að sum börn eigi síður efni á lengri frístundarnámskeiðum að hausti. Til að koma til móts við það þykir koma til greina að einskorða nýtingu vegna sumarnámskeiða við ákveðna upphæð (t.d. 10 þús kr. / barn) gegn því að fjárframlag fái til slíkra aðgerða. Kostnaðurinn við slíkt gæti verið um 140 mkr. ár hvert. Í þágu forgangsöðunar kæmi til greina að einskorða slíkt við þann aldurshóp sem helst sækir sumarnámskeið, þ.e. börn upp að 12 ára aldri. Ef til kæmi viðbótarstuðningur vegna barna efnaminni foreldra kæmi til skoðunar að slíkan stuðning mætti nota í sumarnámskeið.

Úrræði vegna barna efnaminni foreldra

Kostnaður vegna frístundastarfs getur verið íþyngjandi fyrir ákveðna hópa. Í hópnum komu fram þau sjónarmið að rétt sé að skoða tekjuviðmið vegna sérstaks stuðnings sem veitt er í þessum tilgangi af velferðarsviði. Rétt er að það gerist með sjálfvirkum hætti þannig að umsóknir og afgreiðslan verði sjálfvirk. Til greina kemur annaðhvort að veita hærri upphæð til ráðstöfunar í frístundakortinu eða, reynist það tæknilega snúið, að nota einfaldlega bein fjárframlög. Mikilvægt í samráði við velferðarþjónustu Reykjavíkur að finna leiðir til að kynna úrræði fyrir tekjulága einstaklinga.

Viðaukar

Viðauki 1 Könnun til foreldra

1. Þekkir þú Frístundakortið?
 - a. Já
 - b. Nei
2. Ef „Já“ nýtir þú Frístundakortið ?
 - a. Nei aldrei
 - b. Að hluta
 - c. Fullnýti það
3. Ef „Nei aldrei“, hverjar eru ástæður þess að þú nýtir ekki kortið? /merkja við fleiri en 1
 - a. Vissi ekki að það væri hægt
 - b. Skráning í frístundastarf er of flókin
 - c. Barnið mitt hefur ekki áhuga á neinu sem er í boði
 - d. Frístund sem barnið mitt vill stunda er of langt í burtu til þess að það geti farið / ekki nógu fjölbreytt starf í hverfinu.
 - e. Upphæð Frístundakortsins dugar ekki til
 - f. Ekki nóg framboð af styttri námskeiðum
 - g. Ekki nægt framboð af löngum námskeiðum
4. Nýtir þú Frístundakortið til að greiða dvöl á frístundaheimili
 - a. Já
 - b. Nei
5. Ef „Já“ hverjar eru ástæður þess
 - a. Barnið vill ekki stunda annað frístundastarf
 - b. Hef annars ekki efni á að hafa barnið mitt á frístundaheimili
 - c. Nota að hluta til að fullnýta frístundastyrkinn
 - d. Hef ekki efni á að setja barnið mitt í annað frístundastarf
6. Er eitthvað annað sem þú villt taka fram

Bakgrunnsbreytur

Póstnúmer

Menntun

Heildartekjur heimilis

Fjöldi barna á heimili

Viðauki 2 Bréf sent til hagaðila

Kæri viðtakandi

Menningar-, íþrótt-, og tólmstundaráð Reykjavíkurborgar hefur sett á fót starfshóp til að skoða mögulega endurskoðun reglna um Frístundakort.

Hópnun er ætlað að taka til endurskoðunar reglurnar og skilyrðin fyrir notkun þess að með það að markmiði að **auka frekar nýtingu kortsins og tryggja enn fjölbreyttara framboð frístundastarfs.**

Reglurnar, eins og þær eru í dag má finna hér: https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyisingar/fristundakort_reglur_og_skilyrði_lokag_erd_2017.pdf

Okkur langar að fá afstöðu þína/þíns félags til eftirfarandi spurninga

1. Telur þú nauðsynlegt að gera breytingar á reglum um frístundakort?

1a. Ef svarið er „já“, hverjar eiga þær breytingar að vera?

2. Er eitthvað annað varðandi fyrirkomulag Frístundakortsins eða umgjörð frístundastarfs í Reykjavík sem þú vilt koma á framfæri?

Spurningunum má svara með því að senda tölvupóst á fristundakort@reykjavik.is Frestur til þess að svara til er til **4. mars 2020**

Með kærri kveðju, fulltrúar í starfshópi um endurskoðun reglna um Frístundakort.

Viðauki 3 upphæð frístundastyrkja sveitarfélaga 2020

1. barn	1. barn	2. barn	3. barn	Aldur
Akranes	35.000	39.375	44.479	6-18
Akureyri	40.000	40.000	40.000	6-17
Borgarbyggð	20.000	20.000	20.000	6-18
Fjarðabyggð	0	0	0	---
Fljótshálsa	30.000	30.000	30.000	4-18
Garðabær	50.000	50.000	50.000	5-18
Hafnarfjörður	54.000	54.000	54.000	6-18
Kópavogur	50.000	50.000	50.000	5-18
Mosfellsbær	50.000	50.000	50.000	6-18
Reykjanesbær	35.000	35.000	35.000	6-18
Reykjavík	50.000	50.000	50.000	6-18
Sauðárkrúkur	25.000	25.000	25.000	5-18
Seltjarnarnes	50.000	50.000	50.000	5-18
Sveitarfélagið Árborg	35.000	35.000	35.000	5-17
Vestmannaeyjar	35.000	35.000	35.000	2-18
Ísafjörður	0	0	0	---

Heimild: ASÍ